



Alþingi  
Erindi nr. P 135/2005  
komudagur 3.4.2008

Nefndasvið Alþingis  
Berist iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10

Tilvísun vor: 98.11  
Reykjavík, 02.04.2008

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 13. mál**

Landsvirkjun hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga ásamt bréfi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 11. mars 2008, þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins um tillöguna.

Landsvirkjun leggst gegn þingsályktunartillögu þessari og telur að hún sé óþörf enda uppfylli íslensk löggjöf nú þegar þau skilyrði sem stefnt er að með tillögunni. Ekki er hægt að tryggja sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða með því að setja leikreglur fyrirfram enda er hvert jarðhitakerfi einstakt og því þarf að haga vinnslu þeirra út frá rannsóknum sem stöðugt eru í gangi.

Ástæða þykir til að benda á að Landsvirkjun hefur innleitt umhverfisstjórnun fyrir raforkuvinnslu fyrirtækisins samkvæmt ISO 14001 staðlinum og hefur umhverfisstjórnunarkerfið verið vottað af Vottun hf.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson  
forstjóri



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/2017*  
*komudagur 4.4.2008*

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. apríl 2008  
2008030010/42-1-3  
JGO/jgo

**Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktunartillögu um sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 13. mál.**

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 11. mars sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða (13. mál). Samkvæmt tillögunni skal ríkisstjórnin skipa starfshóp sem leita á leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af framkvæmdum á jarðhitasvæðum.

Náttúrufræðistofnun telur að hér sé um þarft mál að ræða og mælir með samþykkt tillögunnar. Stofnunin telur mikilvægt að verkefni nefndarinnar verði ekki einskorðað við virkjanaframkvæmdir á háhitasvæðum eins og greinargerðin bendir til. Umgengni á lághitasvæðum er víða mjög ábótavant og oft er hún mjög slæm í tengslum við hitaveituf framkvæmdir og ylækt. Benda má á að lífríki lághitasvæða er mjög sérstætt og þar er að finna sjaldgæfar plöntu- og dýrategundir. Nauðsynlegt er að setja framkvæmdaraðilum á þessum svæðum verklagsreglur sem hafi það að markmiði að nýting svæðanna uppfylli skilyrði sjálfbærrar þróunar.

Náttúrufræðistofnun leggur til að Umhverfisstofnun tilnefni fulltrúa í starfshópinn með vísun til eftirlitshlutverks hennar á þessu sviði.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri





NORÐURORKA HF

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1922*  
*komudagur 28.3.2008*

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 13. mál.**

Norðurorka hf. telur nauðsynlegt að þessi mál séu í föstum skorðum en telur ekki þörf á að setja á fót starfshóp eins og tillagan gerir ráð fyrir. Fyrirmæli um framkvæmdir hvort sem er á jarðhitasvæðum eða annarsstaðar er að finna í öðrum lögum og í framkvæmdaleyfum fyrir hverja framkvæmd fyrir sig.

Varðandi sjálfbærni jarðhitasvæða telur Norðurorka hf. að skipun starfshóps á vegum Verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðavarma, sbr. hjálagt afrit af bréfi Orkustofnunar dags. 11. janúar 2008, uppfylli það markmið sem þingsályktunartillagan stefnir að.

Jafnframt er bent á að í téðu bréfi er þess einnig getið að Orkustofnun muni leiða alþjóðlegan vinnuhóp fyrir hönd jarðhitasamtakanna IEA og GIA sem skilgreina á og afmarka sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa.

Þetta sýnir svo ekki verður um villst að Íslendingar eru í farabroddi í þessum efnum og ekki ástæða til að Alþingi skipi sérstakan starfshóp hvað þetta varðar.

Virðingarfyllt

Akureyri 26. mars 2008.

Fh Norðurorku hf.

Franz Arnason forstjóri



Norðurorka  
Franz Árnason  
veitustjóri  
Rangárvöllum  
600 AKUREYRI

Reykjavík, 11. janúar 2008  
Tilvísun: 2008010007  
Verknúmer: 3034207

### Efni: Sjálfbær vinnslugeta jarðhitakerfa

Að beiðni IEA-GIA (*International Energy Agency - Geothermal Implementing Agreement*) hefur Orkustofnun tekið að sér að leiða alþjóðlegan vinnuhóp til að skilgreina og afmarka sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa. Guðni Axelsson hefur að beiðni Orkustofnunar fallist á að fara fyrir þessum vinnuhópi, og honum til fulltingis verður Jónas Ketilsson, jarðhitasérfræðingur á Orkustofnun. Fyrir nokkrum árum var myndaður starfshópur sérfræðinga á Orkustofnun og Rannsóknarsviði hennar (nú ÍSOR), að frumkvæði Valgarðs Stefánssonar, til að leggja fram hugmyndir að skilgreiningu á sjálfbærri vinnslugetu jarðhitakerfa. Guðni Axelsson hefur frá upphafi tekið þátt í þessum athugunum. Afrakstur þessa starfs hefur birst bæði á innlendum (Orkuþing 2001 og 2006) og erlendum vettvangi. Sjálfbærnihugtakið á í þessu samhengi rætur að rekja til svonefndrar Brundtland skýrslu, og fjallar um það með hvaða hætti er best að samræma hagsmuni kynslóðanna, og við úrlausn þarf að horfa til viðtækra hagsmuna samfélagsins, bæði hvað varðar efnahag og sjónarmið um náttúruvernd.

Á árlegri jarðhitaráðstefnu á Nýja Sjálandi 10-16 nóvember 2008 verður haldin málstofa um sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa (*IEA-GIA Geothermal Sustainability International Workshop*). Áðurnefndur vinnuhópur hefur ákveðið að nýta þann vettvang til að kynna viðhorfum sérfræðinga og orkufyrirtækja til þessa viðfangsefnis, og vonast til að þangað rati aðilar frá sem flestum ríkjum þar sem jarðhiti er nýttur að marki, ekki síst frá Filippseyjum og Indónesíu. Auk fyrirlestra verður reynt að standa fyrir umræðufundum um málið.


Sá háttur sem hafður er á nýtingu auðlinda er hvorki einkamál hins opinbera eða viðkomandi orkufyrirtækja, heldur samfélagsins í heild. Af þeim sökum er mikilvægt að taka málið til umræðu á opnum vettvangi. Orkustofnun telur þátttöku sína í þessu verkefni og fyrirhugaðri ráðstefnu góðan undirbúning og hvetur orkufyrirtækin til að búa sig einnig undir þessa umræðu. Orkustofnun stefnir að því að standa fyrir ráðstefnu um sjálfbæra nýtingu jarðhita í febrúar til mars 2009, og mun leita samstarfs um það verkefni þegar þar að kemur.


Iðnaðarráðuneytið hefur farið þess á leit við Verkefnisstjórn Rammaáætlunar um nýtingu vatnasafns og jarðhita, að hún standi fyrir faghópi til að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa. Þetta verkefni er hliðstætt því sem hafið var og hefur verið ákveðið að reyna að sameinast um ofangreint málefni. Þetta bréf er sent fulltrúum helstu orkufyrirtækja landsins með boði að tilnefna sérfræðing á þessu sviði í slíkan vinnuhóp. Verkefnisstjórn

Dags.	Komudagbók	Mótt.
17/109	2008-11	BÁÐ

APPIT

Rammaáætlunar mun hugsanlega vilja bæta við fulltrúa í hópinn. Orkustofnun og Verkefnisstjórn Rammaáætlunar munu sameiginlega boða viðkomandi á fund bráðlega.

Virðingarfyllst  
  
Hákon Aðalsteinsson

  
Jónas Ketilsson

*Afrit sent til:*

Albert Albertsson, Hitaveita Suðurnesja

Árni Gunnarsson, Landsvirkjun

Einar Gunnlaugsson, Orkuveita Reykjavíkur

Franz Árnason, Norðurorka

Tryggvi Þ. Haraldsson, Rafmagnsveitur ríkisins

Svanfríður Inga Jónasdóttir, form. Verkefnisstjórnar Rammaáætlunar

**AFRIT**

Alþingi  
Erindi nr. **D** 135/2026  
komudagur 4.4.2008



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9  
108 REYKJAVÍK  
os@os.is

Sími - 569 6000  
Fax - 568 8896  
http://www.os.is

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. apríl 2008  
Tilvísun: 2008030017  
Bréfalykill: 50.11  
Verknúmer: 1227030

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 13. mál**


Með bréfi frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 11. mars 2008, er óskað eftir umsögn stofnunarinnar um ofangreint málefni.

Orkustofnun og verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, hafa þegar skipað starfshóp um sjálfbæra nýtingu jarðhita. Í hjálögðu bréfi Orkustofnunar frá 11. janúar 2008 er Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, RARIK, Norðurorku og verkefnisstjórn rammaáætlunar boðið að tilnefna sérfræðinga í starfshóp til að meta sjálfbæra nýtingu jarðhita. Skipun starfshópsins tók því mið af svörum fyrrgreindra aðila. Í hjálögðu erindisbréfi, dags. 28. mars 2008, kemur fram að markmið starfshópsins er, að leggja fram rökstuddar tillögur um hvernig skilgreina eigi sjálfbæra nýtingu jarðhita og hvernig meta eigi sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa. Jafnframt að koma með tillögur til stjórnvalda um mismunandi nýtingarleiðir er miði að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. Áfangaskýrsla skal lögð fram í október 2008 og lokaskýrsla í júní 2009.

Að beiðni IEA-GIA (*International Energy Agency - Geothermal Implementing Agreement*) hefur Orkustofnun sömuleiðis tekið að sér að leiða alþjóðlegan vinnuhóp til að skilgreina og afmarka sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa. Auk þess hefur Orkustofnun fulltrúa í starfshópi um sjálfbærni vatnsaflsvirkjana innan IHA (*International Hydropower Association*).

Orkustofnun telur að sá starfshópur sem þegar hefur verið skipaður samræmist meginmarkmiðum tillögu til þingsályktunar og því telur stofnunin óþarft á þessu stigi málsins að skipa annan starfshóp. Orkustofnun mun kynna vinnu starfshópsins á heimasíðu sinni og þeim er áhuga hafa á starfinu.

Virðingarfyllst

  
Guðni A. Jóhannesson  
Orkumálastjóri

  
Jónas Ketilsson  
Jarðhitasérfræðingur

Fylgiskj.: Bréf Orkustofnunar, dags. 11. janúar 2008.  
Erindisbréf, dags. 28. mars 2008.





Sjá viðtakendalista

Reykjavík, 11. janúar 2008

Tilvísun: 2008010007

Verknúmer: 3034207

## Efni: Sjálfbær vinnslugeta jarðhitakerfa

Að beiðni IEA-GIA (*International Energy Agency - Geothermal Implementing Agreement*) hefur Orkustofnun tekið að sér að leiða alþjóðlegan vinnuhóp til að skilgreina og afmarka sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa. Guðni Axelsson hefur að beiðni Orkustofnunar fallist á að fara fyrir þessum vinnuhópi, og honum til fulltingis verður Jónas Ketilsson, jarðhitasérfræðingur á Orkustofnun. Fyrir nokkrum árum var myndaður starfshópur sérfræðinga á Orkustofnun og Rannsóknarsviði hennar (nú ÍSOR), að frumkvæði Valgarðs Stefánssonar, til að leggja fram hugmyndir að skilgreiningu á sjálfbærri vinnslugetu jarðhitakerfa. Guðni Axelsson hefur frá upphafi tekið þátt í þessum athugunum. Afrakstur þessa starfs hefur birst bæði á innlendum (Orkuþing 2001 og 2006) og erlendum vettvangi. Sjálfbærnihugtakið á í þessu samhengi rætur að rekja til svonefndrar Brundtland skýrslu, og fjallar um það með hvaða hætti er best að samræma hagsmuni kynslóðanna, og við úrlausn þarf að horfa til viðtækra hagsmuna samfélagsins, bæði hvað varðar efnahag og sjónarmið um náttúruvernd.


Á árlegri jarðhitaráðstefnu á Nýja Sjálandi 10-16 nóvember 2008 verður haldin málstofa um sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa (*IEA-GIA Geothermal Sustainability International Workshop*). Áður nefndur vinnuhópur hefur ákveðið að nýta þann vettvang til að kynna viðhorfum sérfræðinga og orkufyrirtækja til þessa viðfangsefnis, og vonast til að þangað rati aðilar frá sem flestum ríkjum þar sem jarðhiti er nýttur að marki, ekki síst frá Filippseyjum og Indónesíu. Auk fyrirlestra verður reynt að standa fyrir umræðufundum um málið.

Sá háttur sem hafður er á nýtingu auðlinda er hvorki einkamál hins opinbera eða viðkomandi orkufyrirtækja, heldur samfélagsins í heild. Af þeim sökum er mikilvægt að taka málið til umræðu á opnum vettvangi. Orkustofnun telur þátttöku sína í þessu verkefni og fyrirhugaðri ráðstefnu góðan undirbúning og hvetur orkufyrirtækin til að búa sig einnig undir þessa umræðu. Orkustofnun stefnir að því að standa fyrir ráðstefnu um sjálfbæra nýtingu jarðhita í febrúar til mars 2009, og mun leita samstarfs um það verkefni þegar þar að kemur.

Iðnaðarráðuneytið hefur farið þess á leit við Verkefnisstjórn Rammaáætlunar um nýtingu vatnasafns og jarðhita, að hún standi fyrir faghópi til að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa. Þetta verkefni er hliðstætt því sem hafid var og hefur verið ákveðið að reyna að sameinast um ofangreint málefni. Þetta bréf er sent fulltrúum helstu orkufyrirtækja landsins með boði að tilnefna sérfræðing á þessu sviði í slíkan vinnuhóp. Verkefnisstjórn Rammaáætlunar mun hugsanlega vilja bæta við fulltrúa í hópinn. Orkustofnun og Verkefnisstjórn Rammaáætlunar munu sameiginlega boða viðkomandi á fund bráðlega.



Virðingarfyllst



Hákon Aðalsteinsson



Jónas Ketilsson

*Afrit sent til:*

Albert Albertsson, Hitaveita Suðurnesja

Árni Gunnarsson, Landsvirkjun

Einar Gunnlaugsson, Orkuveita Reykjavíkur

Franz Árnason, Norðurorka

Tryggvi Þ. Haraldsson, Rafmagnsveitur ríkisins

Svanfríður Inga Jónasdóttir, form. Verkefnisstjórnar Rammaáætlunar



Orkustofnun  
Jónas Ketilsson  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. mars 2008  
Tilvísun: 2008010007  
Bréfalykill: 10.1  
Verknúmer: 3034207

### Efni: Skipun starfshóps um sjálfbæra nýtingu jarðhita

Orkustofnun og verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, hafa ákveðið að skipa starfshóp um sjálfbæra nýtingu jarðhita. Í bréfi Orkustofnunar frá 11. janúar 2008 er Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun, RARIK, Norðurorku og verkefnisstjórn rammaáætlunar boðið að tilnefna sérfræðing í starfshóp til að meta sjálfbæra nýtingu jarðhita. Í samræmi við svör fyrrgreindra aðila eruð þér hér með skipuð/skipaður í starfshópinn. Í starfshópnum sitja:

Albert Albertsson, tilnefndur af Hitaveitu Suðurnesja  
Axel Björnsson, tilnefndur af verkefnisstjórn rammaáætlunar  
Árni Gunnarsson, tilnefndur af Landsvirkjun  
Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, tilnefnd af verkefnisstjórn rammaáætlunar  
Grímur Björnsson, tilnefndur af Orkuveitu Reykjavíkur  
Guðni Axelsson, tilnefndur af Orkustofnun sem fulltrúi RARIK og Norðurorku  
Jónas Ketilsson, tilnefndur af Orkustofnun, skipaður sem formaður starfshópsins  
Kristján Sæmundsson, tilnefndur af verkefnisstjórn rammaáætlunar

Markmið starfshópsins er að leggja fram rökstuddar tillögur um hvernig skilgreina eigi sjálfbæra jarðhitanytingu og hvernig meta eigi sjálfbæra vinnslugetu jarðhitakerfa. Jafnframt að koma með tillögur til stjórnvalda um mismunandi nýtingarleiðir er miði að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar.

Drög að fjárhagsáætlun og verkáætlun skulu lögð fram í maí 2008. Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Orkustofnun og rammaáætlun greiða kostnað sinna tilnefndu fulltrúa. Annar kostnaður greiðist af fjárveitingum Orkustofnunar og rammaáætlunar. Áfangaskýrsla skal lögð fram í október 2008 og lokaskýrsla í júní 2009.

F.h. Orkustofnunar

Orkumálastjóri

F.h. Verkefnisstjórnar

Formaður stjórnar

Afrit sent til:

Albert Albertsson, Hitaveitu Suðurnesja  
Axel Björnsson, Háskóli Akureyrar

*Árni Gunnarsson, Landsvirkjun*  
*Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, Háskóli Íslands*  
*Grimur Björnsson, Orkuveita Reykjavíkur*  
*Guðni Axelsson, Íslenskar Orkurannsóknir*  
*Kristján Sæmundsson, Íslenskar Orkurannsóknir*



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2027  
komudagur 4.4.2008

Nefndasvið Alþingis  
b.t. iðnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

4. apríl 2008

**Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 13. mál**

Samkvæmt þingsályktunartillögunni yrði Alþingi falið að skipa starfshóp sem fengi það verkefni að leita leiða til að tryggja að umhverfisáhrifum af framkvæmdum á jarðhitasvæðum yrði haldið í algeru lágmarki.

Að mati Samorku nær tillagan til atriða er þegar er tekið á í svæðisskipulagi, aðalskipulagi og deiliskipulagi auk mats á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þess má raunar geta að regluumhverfi jarðhitanytingar er með þeim hætti að sama framkvæmdin getur komið oftar en tuttugu sinnum til umfjöllunar hjá sömu umsagnaraðilum, í ferli sem tekið getur mörg ár. Í ályktun aðalfundar Samorku 15. febrúar sl. segir m.a.:

Samorka leggur áherslu á mikilvægi þess að orku- og veitufyrirtæki búi við stöðugt, einfalt og skilvirkt regluumhverfi. Ekki er beðið um neina afslætti af þeim umhverfis- og öryggiskröfum sem fyrirtækin sæta, heldur um að skoðaðar verði leiðir til einföldunar þessa regluumhverfis og reynt að ná niðurstöðu til lengri tíma um æskilegt regluverk.

Ljóst er að framangreind þingsályktunartillaga gengur í þveröfuga átt. Þá vekur það athygli að þingflokkar og ýmsar opinberar stofnanir eigi að tilnefna í umræddan starfshóp, en ekki orkufyrirtækin eða verkfræðistofur.

Íslensk orkufyrirtæki leggja á það áherslu í allri sinni starfsemi að lágmarka sem kostur er hvers kyns umhverfisáhrif af nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Regluverkið í kringum slíka starfsemi er þungt í vöfum, ógagnsætt og flókið. Ekki er ástæða til að flækja það ferli enn frekar, þvert á móti. Má geta stefnumótunar einstakra orkufyrirtækja hvað varðar borteiga, lagnir, vegi, mannvirki, frágang, hljóðvist og loftgæði. Framkvæmdir hafa þróast hjá orkufyrirtækjunum hvað þetta varðar og skýtur því skökku við að tillagan gerir ekki ráð fyrir aðkomu þeirra að starfshópnum. Þá má benda á að tillagan gerir ekki greinarmun á háhita- og lághitasvæðum, jarðhitasvæðum innan þéttbýlis



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

og í óbyggðum né hvort svæðin eru í eigu einkaaðila, opinberra aðila eða t.a.m. í þjóðlendum.

Samorka leggst gegn samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2168  
komudagur 11.4.2008

UST

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun  
Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 9. apríl 2008

Tilvísun: UST20080300068/tb

### Efni: Þingsályktunartillaga um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða

Vísað er í bréf frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 17. mars 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 13. mál. Í tillögunni er gert ráð fyrir að skipa starfshóp sem fái það verkefni að leita leiða til að tryggja að umhverfisáhrifum af framkvæmdum á jarðhitasvæðum verði haldið í algjöru lágmarki. Hópurinn semji verklagsreglur fyrir framkvæmdaraðila sem taki mið af Ríó- yfirlýsingunni; meginreglum umhverfisréttar og öðrum skuldbindandi samningum sem Ísland á aðild að með það að markmiði að nýting jarðvarmans uppfylli skilyrði sjálfbærrar þróunar. Þá verði hópnum falið að semja tillögur að lagabreytingum með framangreind markmið í huga.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umhverfisáhrif framkvæmda á jarðhitasvæðum sé haldið í lágmarki og að rekstur og nýting jarðvarma hvort sem er vegna orkuframleiðslu eða annars uppfylli skilyrði um sjálfbæra nýtingu/þróun. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar er hafin vinna við gerð Rammaáætlunar 2. áfanga og skal þar fjalla sérstaklega um nýtingu jarðhitasvæða. Samið hefur verið m.a. við Náttúrufræðistofnun Íslands um rannsóknir á náttúruferi jarðhitasvæða. Einnig má nefna að lögum um mat á umhverfisáhrifum ásamt öðrum lögum á sviði náttúru- og umhverfisverndar er ætlað að tryggja að framkvæmdaraðili fari eftir þeim reglum sem gilda um framkvæmdir og rekstur sem líkleg eru til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og er þá m.a. litið til meginreglna umhverfisréttar og skuldbindandi samninga á þessu sviði sem Ísland er aðili að.

Umhverfisstofnun tekur undir að rétt sé að skoða hvort ekki sé ástæða til að endurskoða lög á sviði náttúru- og umhverfisverndar en telur að það eigi ekki eingöngu við um jarðhitasvæði. Fram hefur komið á undanförunum árum að lagaákvæði um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags, víðerna, vatns og jarðmyndana og sjálfbæra nýtingu almennt og mengunarvarnir eru oft ekki nægjanlega skýr (nýjasta dæmið er t.d. brennisteinsmengun, lyktarmengun, frá Helliheiði). Mjög áriðandi er að efla rannsóknir og vöktun til að ákvarðanir um vernd og nýtingu byggja á góðri þekkingu, bæði hvað grunnþekkingu varðar en ekki síst til að meta hvaða áhrif einstakir álagspættir í umhverfinu hafa á náttúru landsins. Í þessu sambandi má nefna að þingsályktunartillaga um lögleiðingu Vatnatilskipunar Evrópusambandsins innan þriggja ára hefur verið samþykkt en það krefst


Þess að átak verði gert í vöktun og eftirliti með vatnsgæðum. Einnig þarf að skoða hvort ekki sé ástæða til að lögleiða tilskipun Evrópusambandsins um Umhverfisábyrgð (Environmental Liability) Tilskipun 2004/35/EB sem byggir á þeirri grundvallarreglu að sá sem með starfsemi sinni hefur valdið skaða á umhverfinu er gerður skaðabótaskyldur. Þetta á að hvetja rekstraraðila til að koma á aðferðum og þróa starfsaðferðir/verklek sem lágmarkar hættu á skaða (tjóni) á umhverfinu. Til þess að þetta sé framkvæmanlegt þurfa að vera fyrir hendi nægjanlega góðar upplýsingar um náttúru landsins og ástand einstakra tegunda plantna og dýra til að hægt sé að meta hvort tjón hafi orðið eða ekki og hvernig sé hægt að bæta eða koma í veg fyrir að svo verði.

Háhitasvæði á Íslandi eru takmörkuð stærð og liggja sum þeirra nú þegar innan friðlýstra svæða svo sem í friðlandi að Fjallabaki. Sjálfbær nýting jarðhitasvæða verður því ekki metin með fullnægjandi hætti nema að einnig sé skoðað hvaða svæði eigi að undanskilja frá áhrifum nýtingar.

Að framansögðu má vera ljóst að ástæða er til að skoða mjög vandlega hvaða leiðir eru bestar til að ná fram þeim markmiðum sem framangreind þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir. Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi framangreint mál í víðara samhengi og styður að gera þurfi ýmsar lagabreytingar til að styrkja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda jarðvarma sem annarra auðlinda. Meginreglur sem lúta að umgengni um náttúruauðlindir og verklek og starfsaðferðir sem ætlað er að lágmarka umhverfisáhrif nýtingar eiga almennt að vera þær sömu þótt lausnir geti verið mismunandi eftir aðstæðum og eðli framkvæmda.

Virðingarfyllt

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Förstjóri

  
Trausti Baldursson